



Íslenski kórinn í Gautaborg iskor.se



Íslenski kórinn í Gautaborg var stofnaður árið 1989. Kórinn syngur fyrst og fremst íslensk og sænsk lög, en einnig nokkuð af kirkjulegri tónlist. Kórinn er einn af frumkvöðlum kóramóta íslenskra kóra á Norðurlöndum og Norður Evrópu þar sem hann hefur farið víðsvegar í söngferðir.

Kórinn heldur reglulega tónleika, m.a. jóla- och vortónleika og hefur í gegnum tíðina tekið þátt í almennum árlegum jólasöng í Dómkirkjunni í Gautaborg. Kórinn hefur einnig sungið við ýmiss önnur tækifæri svo sem á þorablótum, bókmenntakvöldum og hestamótum svo eitthvað sé nefnt. Yfir vetrarmánuðina syngur kórinn við guðspjónustur íslenska safnaðarins í Västra Frölunda kirkju.

Æfingar hefjast 1 september og fara fram í safnaðarheimili Västra Frölunda kirkju á mánudagskvöldum klukkan 18:30 til 21:00.

Við tökum mjög vel á móti söngglöðu fólki. Við hvetjum áhugasama að hafa samband við:
Pránd Úlfarsson, sími: 0733 842 542, netfang: thrulf@hotmail.com
eða Ingibjörgu Gísladóttur, sími: 0705 638 605, netfang: igibjork@gmail.com

eða bara kíkja við á æfingu!



Núverandi kórstjóri er **Daniel Ralphsson**

Daniel Ralphsson, tenór, tók masterspróf frá Óperuháskólanum í Stokkhólmi. Hann lærði einnig tónsmíðar við Tónlistarháskólann í Malmö og kórstjórnun við Konunglega tónlistarháskólann þar sem hann lauk prófi sem söngkennari og klassískur einsöngvari. Daniel tók sín fyrstu skref í Konunglegu óperunni í hlutverki Dr. Blind í *Leðurlökunni* 2012 og hélt áfram þar í fleiri hlutverkum. Daniel starfar nú sem einkasöngvari hjá Gautaborgaróperunni þar sem hann hefur sungið í fjölda hlutverka í gegnum árin.